

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1910.

Tilskipun um að vernd sú, sem heimiluð er fyrir vörumerki með lögum 13. nóv. 1903, skuli einnig ná til brezku nýlendanna Fidjiejyanna og Mauritius, undirskrifuð af konungi 25. febrúar 1910 (A nr. 1, bls. 2—3).

Auglýsing um kirkjugjald í Síðumúlasókn, Fitjasókn og Búðasókn, undirskrifuð af ráðherra 21. febrúar 1910 (A nr. 2, bls. 4—5).

Bréf stjórnarráðsins til sýslumannsins í Rangárvallasýslu um flutning þing- 32 staðar. 15. marz

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dagsettu 14. f. m., og beiðni hreppsnefndarinnar í Vestur-Landeyjahreppi, veitir stjórnarráðið hér með samþykki sitt til þess, að þingstaður umgetins hrepps sé fluttur frá Eystra-Fíflholti á svonefndan Fljótstanga í Forsætislandi, með því skilyrði, að hreppsnefndin annist um að til verði á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghalds, svo og við húsið nægilega stórt skýli fyrir hesta.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

Bréf stjórnarráðsins til h/f. P. J. Thorsteinsson & Co. um innflutning á hrossum. 33

Eftir móttöku bréfs félagsins, dags. 8. nóvember f. á., þar sem farið er fram á, að stjórnarráðið veiti leyfi til að flytja megi fimm hross frá útlöndum til Viðeyjar, hefir stjórnarráðið, samkvæmt tillögum dýralæknis og ákvæðum laga nr. 56, 10. nóvbr. 1905, ákveðið, að veita hið umbeðna leyfi með þeim skilyrðum, er hér segir:

- 1) að hestarnir séu fluttir frá Danmörku og þeim fylgi vottorð lögskíp-
aðs dýralæknis um að þeir séu lausir við alla næma sjúkdóma og hafi ekki ver-
ið í sýkingarhættu af snífi,
- 2) að þeir verði rannsakaðir hér af dýrlækni og reynist heilbrigðir,
- 3) að þeir verði fluttir beint til Viðeyjar og komi hvergi annarstaðar á
land á Íslandi, og

28. dag aprilmán. 1910.

Reykjavík, Isafoldarprentsmiðja.

33

4) að fyrst um sinn verði sömu lög látin gilda um Viðey, að því er snertir flutning hesta til landsins, sem um útlönd væri að ræða.

Þetta er félaginu hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar.

34

Bréf stjórnarráðsins til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu um endurveiting hlunn-

4. apríl **inda handa sparisjóði.**

Útaf beiðni, sem hingað hefir borist frá stjórnarnefnd sparisjóðs Húsa-
vikur, vill stjórnarráðið hérmeð veita nefndum sjóði, um næstu 5 ár frá 1. maí
næstkomandi, hlunnindi þau, sem ræðir um í tilskipun 5. jan. 1874, um hlunn-
indi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi, með þeim skilyrðum, að eigi rýrni trygg-
ing sú, sem nú er fyrir því að sjóðurinn standi í skilum, að ákvæðanna um reikn-
ingsskil í lögum sjóðsins verði nákvæmlega gætt, og að stjórnarnefnd sjóðsins
sendi hingað á ári hverju endurrit af ársreikningi hans í fyrirskipuðu formi.
Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breytingu, sem verða kann
á lögum sjóðsins.

Þetta er yður, herra sýslumaður, til vitundar gefið, til birtingar fyrir
stjórnarnefnd sparisjóðsins.

35

Bréf stjórnarráðsins til sýslumannsins í Árnessýslu, um flutning þingstaðar.

8. apríl

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dagsettu 8. f. m., og
beiðni hreppsnefndarinnar í Grimsneshreppi, veitir stjórnarráðið hérmeð samþykki
sitt til þess, að þingstaður umgetins hrepps sé fluttur frá Stóruborg að Minniborg,
með því skilyrði, að hreppsnefndin annist um að til verði á hinum nýja þing-
stað hæfilegt hús til þinghalda.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.